

Reglugerð vegna kjörs á íþróttamanni ársins í sveitarfélaginu Vogum

- 1.gr. Val á íþróttamanni ársins er samstarfsverkefni Frístunda og menningarnefndar, íþróttafélaga í Sveitarfélaginu Vogum og íbúa sveitarfélagsins.
- 2.gr. Rétt til að tilnefna hafa öll íþróttafélög í Vogunum og íbúar sveitarfélagsins.
- 3.gr. Þeir sem eru tilnefndir til kjörs á íþróttamanni ársins skulu hafa náð 16 ára aldri. Þó er heimilt að tilnefna ungling 14 – 16 ára sem keppir í flokki fullorðinna og er að ná það góðum árangri að hann teljist á meðal þeirra bestu í sinni íþróttagrein.
- 4.gr. Þegar skilað er inn tilnefningum skulu íþróttafélög/einstaklingar skila inn greinargerð um viðkomandi íþróttamann. Þar skal m.a. koma fram:
 - Umsögn um íþróttamanninn – afrek, karakter, stefna, o.s.frv.Útdráttur úr fyrrgreindum atriðum verður lesinn upp á kjörinu.
- 5.gr. Íþróttamaður skal hafa lögheimili í Sveitarfélaginu Vogum.
- 6.gr. Val á íþróttamanni ársins í Vogum er í höndum Frístunda- og menningarnefndar Sveitarfélagsins Voga.
- 7.gr. Velja skal um þrjú efstu sætin.
Við val á íþróttamanni ársins skal nefndin (FMN) taka tillit til árangurs á árinu sem kjörið á við um. Einnig skal tillit tekið til reglusemi og ástundunar, þrúðmennsku og framfara.
- 8.gr. Tilnefningar skulu hafa borist frístunda- og menningarfulltrúa Voga fyrir 15. desember ár hvert.
- 9.gr. Útnefning á kjöri íþróttamanns ársins í Vogum fer fram á Gamlársdag.
- 10.gr. Hvatningarverðlaun
Öllum íþróttafélögum og einstaklingum í Vogum er heimilt að tilnefna einn ungling sem hlýtur svokölluð hvatningarverðlaun Voga. Verðlaunin skulu veitt þeim íþróttamanni sem er áhugasamur, með góða ástundun, sýnir góða hegðun innan vallar sem utan, góður félagi og telst vera góð fyrirmynd annarra unglunga.
Lágmarksaldur hvatningarverðlauna er 12 ára, hámarksaldur er 16 ára.

Reglugerð samþykkt á 57. fundi Frístunda- og menningarnefndar Voga, fimmtudaginn 10. desember, 2015.

Samþykkt í bæjarstjórn 16.12.2015